

# FUNDARGERÐ

Fundur Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness

|   |  |                                 |                        |
|---|--|---------------------------------|------------------------|
| <b>Dags. Fundar</b><br>7. október 2010            | <b>Tími</b><br>17:00 – 18:00             | <b>Staður</b><br>Mýrarhúsaskóli | <b>Nr. fundar</b><br>2 |
| <b>Fundarboðandi</b><br>Erla Gísladóttir formaður | <b>Fundarritari</b><br>Hulda Helgadóttir | <b>Dags.</b><br>7. október 2010 |                        |

Viðstaddir: Erla Gísladóttir, Halldóra Pálsdóttir, Hrefna Birna Björnsdóttir, Maren Finnsdóttir, Hildur Jóhannsdóttir, Sigríður Sigmarsdóttir, Ingileif Jóhannesdóttir, Anna Margrét Hauksdóttir, Hulda Helgadóttir.  
Fjarverandi: Davíð Scheving , Elías Kristjánsson

| Dagskrá fundar   | Ábyrgð                      |
|--|-----------------------------|
| <p><b>Fulltrúaráð Foreldrafélags Grunnskóla á Íslandi.</b><br/>Næsti fundur Fulltrúaráðs Foreldrafélags Grunnskóla á Íslandi verður þann 15. október n.k. Vegna forfalla fulltrúa og varafulltrúa í ráðinu frá Foreldrafélagi Grunnskóla Seltjarnarness mun Maren taka að sér að mæta fyrir okkar hönd að öllu óbreyttu.</p>   | Maren                       |
| <p><b>Laufabrauð</b><br/>Ákveðið var að færa Laufabrauðsdaginn aftur um eina viku þar sem fyrir liggur að mikið er um að vera á öðrum vettvangi s.s. Tónlistarskóla og Gróttu síðustu helgi nóvembers. Verður Laufabrauð því 4. desember.<br/>Erla mun senda tölvupóst til bekkjarfulltrúa með tímatöflu vegna skráningar í steikningu. Halldóra mun leita tilboða vegna ávaxtasafa.</p>   | Erla<br>Halldóra            |
| <p><b>Gjaldkeri</b><br/>Ingileif kjörin gjaldkeri Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness og tekur við af Sólveigu Magnúsdóttur.<br/>Erla mun hafa samband við þjónustufulltrúa banka og afla nauðsynlegra gagna vegna flutnings prófkúru. Stjórn foreldrafélagsins mun í framhaldi skrifa undir þá heimild.</p>  | Ingileif<br>Erla            |
| <p><b>Bókakynning</b><br/>Bókakynning verður haldið í byrjun desember og mun Hrefna vinna að henni í samvinnu við bókasafn.</p>  | Hrefna                      |
| <p><b>Þrettándabrenna</b><br/>Sigríður fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning þrettándabrennu og gengur hann vel. M.a. hefur verið haft samband við leiklistafélag um að taka að sér að finna í hlutverk álfadrottningar og álfakóns, rætt hefur verið við íbúa Valhúsabrautar um að fá aðgang að rafmagni og haft hefur verið samband við bæjaryfirvöld um að fá bæjarstarfsmenn til að safna í brennuna.<br/>Ákvörðun um hvort flugeldasýning verði á vegum Foreldrafélagsins verður tekin er nær dregur og ræður þar fjárhagsstaða félagsins.</p>                     | Sigríður                    |
| <p><b>Samráðshópur um áfengis og vímuvarnir á Seltjarnarnesi</b><br/>Erla fór yfir helstu niðurstöður frá fundi samráðshópsins og árlega könnun á vímuefnaneyslu þar sem fram kom að Grunnskóli Seltjarnarness kom mjög vel út. Hins vegar er ljóst að áfengisneysla eykst til muna eftir að í framhaldsskóla er komið. Til stendur að haldnir verði tveir fundir á vegum hópsins, annars vegar með foreldrum og hinsvegar með foreldrum og börnum. Stjórn foreldrafélagsins leggur til að fulltrúar frá framhaldsskólum komi að þeim fundi a.m.k. frá hverfissskólum.</p> |                             |
| <p><b>Fréttabréf</b><br/>Fréttabréf Foreldrafélagsins er langt komið og mun líklega verða tilbúið undir lok næstu viku. Var skólastjórendum og Selinu sendur tölvupóstur þar sem þeim var boðið að koma að efni í Fréttabréfinu.<br/>Stjórn Foreldrafélagsins hefur áhuga á að umfjöllun um skýrslu um vímuefnaneyslu birtist í fréttabréfinu og mun Sigríður athuga hvort leyfi fái til þess.</p>   | Sigríður, Hulda<br>Sigríður |

| Dagskrá fundar  | Abyrgð |  |
|---|--------|--|
| <p><b>Kynningarbæklingar</b></p> <p>Foreldrafélaginu barst föndurvörukynningarbæklingur og kom til tals að áframsenda hann á bekkjarfulltrúa sem tillögu að bekkjarkvöldi, en ákveðið var að ekki væri rétt að foreldrafélagið sendi út slíkt auglýsingaefni.</p> <p>Fundi slitið</p> |        |  |